

27 *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og*
 1. febr. *vesturamtinu um sameining Austur-Skaptafellssýslu við austur-*
amtið. — Með brjefi þessu, sem að mestu er samhljóða brjefinu til amtm. í norðuramtinu og austuramtinu um sama efni, leggur landshöfðingi fyrir amtm. í suðuramtinu og vesturamtinu, »að leita álits sýslunefndanna í báðum Skaptafellssýslum og Rangárvallasýslu um áminnsta sameiningu, er tiltækilegast virðist að koma fram á þann hátt, að 3 nyrztu hrepparnir í Suður-Múlasýslu væru lagðir undir Norður-Múlasýslu, Austur-Skaptafellssýsa sameinuð við hinn hluta Suður-Múlasýslu, og Vestur-Skaptafellssýsla við Rangárvallasýslu, er ekki getur verið frágangssök, ef sýslumenn eru búsettir á hentugum stað».

28 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamt-*
 2. febr. *inu um sveitfesti þurfalings.* — Eptir að jeg hefi móttakið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 30. f. m. viðvikjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi á úrskurði amtsins, dags. 27. júlí f. á., er sker svo úr ágreiningi um sveitfesti Bjarna Hinrikssonar frá Naustakoti, að hann sje sveitlægur í Vatnsleysustrandarhreppi, eins og sýslumaðurinn í Gullbringusýslu áður hafði úrskurðað, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg samkvæmt ástæðum þeim, er þjer takið fram í nefndu brjefi yðar, hlýt að vera yður samdóma um, að fullnægar sannanir sjeu komnar fram fyrir því, að lán það, sem tjeður Bjarni Hinriksson hefur þegið í Vatnsleysustrandarhreppi haustið 1885 hafi ekki verið löglega veittur eða lögmætur sveitarstyrkur, og með því að ekkert annan er fram komið, er varni því, að 10 ára viðurkennd dvöl Bjarna í Vatnsleysustrandarhreppi hafi aflað honum sveitfesti þar í sveit, þá skal úrskurður amtsins í máli þessu í öllum greinum óraskaður standa.¹

1) Brjef amtmannsins er svohljóðandi:

Með háttvirtu brjefi, dags. 8. desbr. f. á. hefur herra landshöfðinginn sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 18. nóvbr. næst á undan, með 15 fylgiskjölum, þar sem áfrýjað er úrskurði amtsins, uppkveðnum 27. júlí f. á., um sveitfesti Bjarna Hinrikssonar frá Naustakoti, og jafnframt skorað á mig að segja álit mitt um nefnt erindi, og senda önnur þau skilríki, snertandi nefnt sveitfestismál, er kunní að vera í vörzlum amtsins. Samkvæmt þessu skal jeg virðingartyllst leyfa mjer að athuga um málið það er hjer segir.

Það er viðurkennt, að Bjarni Hinriksson hafi orðið heimilisfastur í Vatnsleysustrandarhreppi eigi síðar en vorið 1878, og að hann hafi stöðugt dvalið þar í hreppnum eptir það til dauðadags, en hann ljest í desembermánuði 1889. Því hefur eigi verið hreift, að vera hans í hreppnum hafi verið ólögleg (svo sem ólögleg húsmennska). Hafi hann því ekki þegið sveitarstyrk löglega á árabílinu 1878—1888, hefur hann á dánardægri verið búinn að vinna sjer sveit í Vatnsleysustrandarhreppi. Um þetta er heldur ekki deila milli hlutaðeigandi hreppafjelaga, heldur um það, hvort Bjarni hafi á tjeðu árabíli þegið sveitarstyrk í Vatnsleysustrandarhreppi. Hreppsnefndin þar tjáir, að hann hafi haustið 1885 þegið þar í hreppi fátækrastryrk, að upphæð 28 kr., og síðar, eða eptir